

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað.

172

Landshöfðinginn
yfir
Íslandi

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, og samkvæmt frumvarpi, sömdu af bæjarstjórn Reykjavíkur, er hlut-adeigandi amtmaður hefur til mín sent, og bæjarstjórnin síðan eptir bendingum mínum gjört nokkrar breytingar á, er hjer með gefin út og sett eptirfylgjandi

Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað,
er öðlast gildi 1. d. janúarm. 1891.

I. kafli.

Um reglu og velsæmi á götum.

1. gr.

Uppþot eða mannsöfnuður, sem raskar reglu eða tálmar umferð á götu, veg eða svæði, sem eru til almennings afnota, má ekki eiga sjer stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götum, vegum eða svæðum, sem almenningur fer um, svo og við kirkjudyr og annara húsa, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eptir fyrirmælum lögregluliðsins til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á alfaravegi, stræti eða svæði, má eigi fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa annan hávaða eða ofsalegt og móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar-reglu, eða ónáðar þá, sem um fara eða nálægt búa.

4. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

5. gr.

A götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi leika knattleik, pinnaleik, klink, ekki gjöra rennibrautir, renna sjer á skautum nje sledum, eða hafa aðrar skemmtanir, sem tálma umferðinni.

6. gr.

Á eða yfir götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum, ekki kveykja í púðri, skoteldum eða neins konar sprengiefnum öðrum, og eigi kasta eða fleygja frá sjer steinum, glerbrotum, snjókökkum, óhreinindum, vatni eða neinu öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum fyrir þá, er um slíka staði fara.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á allmannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað á allmannafæri að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. a. m. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gjöra þarfir sínar á hneykslanlegan hátt, o. fl. Þeir sem

25. dag nóvembermán. 1890.

172. finnast ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap á götu, svæði eða torgi, eða annarsstaðar á eða við almannafæri, skulu sæta sektum eptir samþykkt þessari.

8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarstaðar svo nálægt landi, að hneyksli valdi, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja.

9. gr.

Hver sá, er staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglumenn krefjast þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að taka áminningum lögreglumanna og hlýða öllum löglegum skipunum þeirra. Ef nauðsyn ber til, geta þeir krafist sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu og ósæktum á almannafæri.

II. kafli.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum eða hættu fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveykja á götuljóskerum bæjarins.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjórans má enginn setjast að á götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, til að selja vörur, eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá að eins á þeim stað, sem leyfið til tekur. Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húsriðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, sem inn er gengið í hús eða á húslóðir.

13. gr.

Stjettir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar fyrir gangandi menn; þar má eigi fara með sleða, hjólbörur, vagna nje önnur aktól, nema barnavagna, og þar má eigi bera, draga, velta eða á annan hátt færa með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey, hrís eða annað, sem gjörir umferðina ógreiða. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotið af, má að eins flytja eptir götunni sjálfri, og skal varlega með þá fara.

14. gr.

Á götum, strætum, stjettum, torgum eða annarsstaðar á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðinni; þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað, og eigi geta lagt það frá sjer á eigin lóð, leggja þessa hluti frá sjer á torgum og götum meðan á flutningnum stendur; en ávallt skulu þeir lagðir svo, að þeir gjöri sem minnstan farartálma. Vagnar, hjólbörur og sleðar mega eigi standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, en aldrei mega þeir standa á stjettum.

15. gr.

Á götum, strætum eða torgum, sem almenningur fer um, má eigi vinna neina vinnu, er tálmar umferð manna eða gjörir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva

grjót, járna hesta eða því um líkt. Á götum eða strætum má eigi heldur hrista gólf- 172
teppi, viðra sængurföt eða hengja fót til perris eða annað þess konar.

16. gr.

Enginn má án leyfis lögreglustjórnarinnar hengja vöruskápa, gluggaskýlur nje annað þess konar utan á hús þeim megin, sem að strætum veit eða torgum, eigi heldur setja eða láta standa í opnum gluggum, sem vita að strætum eða torgum, neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

17. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eptirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, meðan þau eru á götunum eða annarsstaðar á almannafæri.

18. gr.

Lögreglustjóri getur, ef nauðsynlegt þykir, skipað fyrir, hvernig hagað skuli umferðinni, meðan stendur á viðgjörð við götur.

19. gr.

Þegar hús eru byggð af nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og haga sjer eptir þeim fyrirmælum, sem hann setur til að afstýra farartálma eða hættu eða óþægindum fyrir vegfaranda. Verkfæri og verkefni má eigi leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjórinn leyfir, og skal það eigi látið liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsagjörðinni er svo langt komið, að því verði við komið.

20. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgjörðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir sem nota hann, skulu vera duglegir og áreiðanlegir menn. Lausir stigar, sem notaðir eru við endurbætur á húsum, málningu, gluggapvott eða þess konar, skulu vera forsvaranlega traustir og kjálkarnir búnir járn göddum að neðan, ef stigin er meira en 6 álna langur.

Brot gegn þessari grein eru á ábyrgð þess, er verkið annast, eða, ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseigandans.

21. gr.

Nú er hús eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætta er búin að það hrynji eða falli niður, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann innan tiltekins tíma að láta gjöra slíkar endurbætur á því, sem nauðsynlegar eru til að afstýra hættu; auk þess getur lögreglustjórinn á kostnað eigandans gjört aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

Sama er og, þegar steinvegg, trjevegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

22. gr.

Áhöld öll, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru

172 úr húsum, sem liggja á almannafæri, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera æfðir menn og áreiðanlegir.

23. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá kjallaraopið vera byrgt með hlemm eða hlera frá því dimmt er á kvöldum unz bjart verður á morgnana, nema opið sje nægilega afgirt með grindum beggja vegna.

24. gr.

Þegar ís er á tjörninni, má enginn höggva gat eða vakir á hana án leyfis lögreglustjórans.

25. gr.

Í fjörunni má eigi kasta út nje skilja eptir seglfestugrjót, nje neitt annað það er tjóni getur valdið skipum, er þar lenda eða leggjast.

III. kafli.

Um reið og akstur á götunum, rekstur gripa og fjenaðar o. fl.

26. gr.

Þeir sem ríða eða aka um göturnar, skulu viðhafa tilhlýðilega aðgæzlu, einkum er þeir fara fyrir götuhorn eða fram úr garðshliðum. Á götum, torgum og annarstaðar á almannafæri má eigi ríða harðara en á hægu brokki, og skulu þeir, sem ríða eða aka, ef þörf gjörist, í tækan tíma gjöra viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga. Á stjettum má enginn ríða eða aka.

Þegar hestum er beitt fyrir sleða, skal festa við þá hæfilegar bjöllur, svo að til þeirra heyrist í tækan tíma.

27. gr.

Lestamenn og aðrir ferðamenn mega eigi binda hesta sína, eða láta þá standa á götum bæjarins eða stjettum. Með áburðarhesta skal eigi hafa lengri viðdvöl á götum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klifjar.

28. gr.

Bæjarmenn mega ekki láta hesta sína ganga lausa á götum bæjarins frekar en nauðsynlegt er til að hleypa þeim í fjöru eða til vatns; fælnir og slægir hestar mega alls eigi ganga lausir, nje heldur þeir hestar, er leika sjer eða fara á hlaupum um göturnar. Frá 15. apríl á vorin til þess er hestar eru teknir úr haga á haustin má alls enginn hestur ganga laus um bæinn.

29. gr.

Sauðfjenaður bæjarmanna má eigi ganga laus um bæinn frekar en nauðsynlegt er til að reka hann úr og í haga eða fjöru eða til vatns, og má engan sauðfjenað hafa í bænum frá 1. maí til 10. okt. fyrir vestan og norðan línu úr markasteininum í Skildinganesbólum í upptök Rauðarárlækjar og þaðan eins og lækurinn ræður og þjóðvegurinn inn að Fúlutjarnarlæk, nema hann sje í öruggri vörzlu.

30. gr.

Naut, sem færð eru til bæjarins, skulu ávallt leidd í bandi nægilega traustu og tveir fullorðnir karlmenn að minnsta kosti fylgja hverju nauti.

31. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárreksta, sem reknir eru til bæjarins til útflutnings

eða slátrunar, getur lögreglustjórinn gjört þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur. 172

IV. kafli.

Um hunda.

32. gr.

Hunda þá, sem grimmir eru, eða hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, ber eigandanum að binda eða mýla forsvaranlega, að viðlagðri hegningarábyrgð.

33. gr.

Enginn má siga hundi á mann nje láta farast fyrir að aptra hundi sínum, þegar hann verður var við, að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu er hegningarverður, þó að ekkert tjón hafi blotizt af háttalagi hans.

34. gr.

Flækingshundar, — en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign eða á vegum bæjarmanna, — getur lögreglustjórinn látið handsama og auglýsa, og ef eigandinn gefur sig eigi fram innan 3 sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíka hunda. Sama er um hunda, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli.

35. gr.

Nú vill einhver halda grimma hunda til vörzlu á tilteknu svæði, og skal hann þá skýra lögreglustjóranum frá því. Svæði það, er slíkir hundar eru hafðir á, skal vera svo traustlega girt og lokað, að hundurinn komist eigi út, og ávallt skal þar á staðnum vera uppfest greinileg auglýsing, að vörzluhundur sje þar haldinn og á hverjum tíma hann sje laus.

V. kafli.

Um friðun almenningseigna o. fl.

36. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, götuljóssker, nafna- og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar, má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá, og þetta síðara á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trjegirðingum, sem liggur á almannafæri.

37. gr.

Enginn má klifra upp á eða yfir eða skemma girðingar, er settar eru fram með götum, strætum eða svæðum, sem liggja á almannafæri.

38. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað; trje eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Skepunum má eigi beita í kirkjugarðinn.

VI. kafli.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

39. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

40. gr.

Bæjarstjórnin ákveður, hvar uppfesta skuli auglýsingar frá yfirvaldinu og öðrum stjórnarvöldum og skal á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem vill með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má eigi festa upp, nema með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda og lögreglustjórnarinnar. Þó eru undanþegnar auglýsingar, er snerta húsið sjálft eða íbúa þess.

41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gjöra ólæsiðlegar á annan hátt.

VII. kafli.

Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

42. gr.

Hverjum þeim, er hefur um hönd veitingasölu, matar eða drykkjarfanga, áfengra eða óáfengra, er skylt að gjöra það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt það fari fram á veitingastofu hans, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

43. gr.

Á almennum veitingastað má enginn gjörast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af eða óskunda; þar má eigi heldur sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun.

44. gr.

Unglingum yngri en 16 vetra má eigi selja eða veita áfenga drykki.

45. gr.

Veitingahús öll, þar sem áfengir drykkir eru seldir, skulu vera lokað frá kl. 11 $\frac{1}{2}$ á kvöldin til kl. 6 á morgnana, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu fara út ekki seinna en kl. 12 á miðnætti; þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum, sem lögreglustjórnin þekkir, að halda samkvæmi og dansleiki eða aðrar skemmtanir á veitingahúsum fram yfir miðnætti, ef eigi taka aðrir þátt í því en fjelagsmenn eða gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

46. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki fyrir borgun án leyfis landshöfðingjans

Leyfi til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í velgjörðaskyni eða til að styrkja fyrir- 172
tæki í almenningsparfir getur lögreglustjórinn veitt.

47. gr.

Án leyfis lögreglustjórnarinnar má enginn halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir eigi heldur dansleiki, ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys og ekki sýna dýr, myndir eða ípróttir. «Bazar» eða tombólu má eigi halda án leyfis landshöfðingjans.

48. gr.

Eins og það er vitaskuld, að húseigendur eða húsráðendur geta bannað, að sá sem leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir samkvæmt 46. og 47. gr., noti það á þeirra lóð, svo er hverjum einum, er sjúklinga hefur á heimili sínu, eða af öðrum gildum ástæðum heimilt að krefjast, að engar almennar skemmtanir, er háreysti er að, sje hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotið.

VIII. kafli.

Um almennt hreinlæti og þrifnað.

49. gr.

Á götum, strætum, svæðum, er almenningur fer um, má enginn fleygja frá sjer hræjum, rusli, skolpi nje öðrum óhreinindum frá húsum. Eigi heldur má fleygja í lækinn eða tjörnina neinu af því, sem talið er í þessari grein, nema skolpi. Í rennur má eigi kasta neinu því, er óhollusta er að, eða stýflað getur vatnsrásina. Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna, nje skilja þar eptir neitt það, er valdið getur óhreinlæti eða óheilmæmi. Húsráðendur eru skyldir til að hreinsa rennur þær, sem eru á þeirra lóð og liggja út í rennur bæjarins, svo opt sem lögreglustjórninni þykir þurfa.

50. gr.

Hey, pang, mó, mold, áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar eða önnur ílát, sem áburður er fluttur í, að vera svo þjett og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

51. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má eigi hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í steinlímdum gryfjum og nægilega byrgðum, og skal þó til þess hafa leyfi heilbrigðisnefndarinnar.

52. gr.

Hjá vatnsbólum bæjarins og í nánd við þau skulu menn gæta þrifnaðar og hreinlætis svo sem framast er unnt. Fatnað, ílát eða annað má eigi þvo við vatnsbólin. Salerni, sorphauga, áburðarhauga, forargryfjur eða þess konar má eigi hafa nær vatnsbóli, en heilbrigðisnefndin leyfir. Fisk má eigi slægja við vatnsból.

53. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má eigi hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng, nje annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og eigi má heldur hafa fiskitrönur við almannaþæri. Lifrabræðslu

172 og aðra vinnu, sem óprífnaði veldur eða óhællustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

Áburð úr salernum má eigi bera á tún, sem liggja í sjálfum bænum, eða á þann hluta af öðrum túnnum, sem veit að almannafæri.

54. gr.

Bæjarstjórnin tekur að sjer að láta hreinsa salerni bæjarins gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Slík hreinsun skal fram fara á næturnar frá kl. 12—5 á sumrum og frá 10—6 á vetrum. Safni úr salernum má enginn kasta í tjörnina, nje fjöruna eða sjóinn, en það skal látið í byrgðar gryfjur fyrir utan bæinn, þar sem heilbrigðisnefndin ákveður.

Þó skal það eigi vera bannað túneigendum, sem vilja nota áburð úr salernum, að annast sjálfir um hreinsunina og hirða áburðinn að því er þeirra hús snertir. En skyldir eru þeir að öðru leyti að haga sjer eptir fyrirmælum þessarar greinar.

55. gr.

Á eða við almannafæri má eigi slátra skepnum. Það er bannað hvernig sem á stendur að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er sauðfjenaði. Brot á banni þessu eru á ábyrgð hlutaðeigandi lóðareiganda. Þess skal ávallt gætt, að láta eigi sauðkindur horfa upp á meðan skorið er.

IX. kafli.

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði og kostnað o. fl.

56. gr.

Samþykkt þessari skal því að eins beitt á Grímstaðaholti, Kaplaskjólí, Sauðagerðishverfi, Bráðræðisholti og fyrir austan Raudarárlæk, að það pyki við eiga eða því verði viðkomið.

57. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 kr. Börn eldri en 10 ára og yngri en 15 ára skulu sæta vandarhöggum, ef þau hafa áður gjört sig sek í þessum brotum, eða gjört eitthvað, sem ber vott um einstaka ónáttúru, þó eigi fleiri vandarhöggum en 15, eða sæta einföldu fangelsi allt að 8 dögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en eigi barninu.

58. gr.

Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórnin gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af afbrotamanninum, eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjar-sjóði.

59. gr.

Allur kostnaður, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

Reykjavík, 15. nóvembermán. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.